


Afstöðumynd 1:500

## BYGGINGARLÝSING

**Fastanúmer 234-1625 Landnr. 217623, Reitur F2 í deiliskipulagi Mhl 02.**

**Hrossaræktunarbúgarður Sumarliðabær II, geymsla og leikfimisrými við áður samþykkt gestahús.**

**Ásahreppi, Rangárvallasýslu**

Til stendur að byggja geymslu og leikfimisrými ofan á eldri sökkla til norður við gestahús sem er til vesturs á jörðinni. Húsið verður byggt í sama stíl og með sama frágang og áður samþykkt gestahús.

### Geymsla / Leikfimi

Lagt er til að klæða á húsið að utan með bandsagaðri "Reisifjöl" lerkiklæðning bæði á útveggi og þak með zink flasningum.

Húsið er byggt á eldri steyptum sökklum en ný 100 mm plasteinangrunn verður sett undir steypta plötu. Útveggir verða úr timburgrind og byggjast þannig upp, 150 mm timburgrind með 150 mm steinull, þar innaná rakasperra úr þolplasti, þar innaná timburgrind 40 x 40 mm og þar innaná tvöfalt gifslag. Utan á burðargrindinni er 9 mm krossviður, þar utaná er galvanierað músa- og skordýranet, þar utaná 30 x 40 mm lektur og yst er bandsöguð "Reisifjöl". Kólnunartala útvegggja er að hámarki 0,4 W/m2C.

Gluggar verða álgluggar, dökklitaðir, en kólnunartala glugga er að hámarki 2,00W/m2°C. Innveggir eru almennt byggðir upp á grind með tvöföldu gifslagi að frátöldum burðarveggjum.

Þak húss verður sperruþak. Loftunarbil 30 mm er á milli sperra yfir ull, ofan á sperrur er 22 mm krossviður, þar ofaná tvöfallt tjörupappalag, þar ofaná krossviðstíglar, lektur og svo lerki klæðning. Þak er klætt bandsagaðri reisifjöl. Þak er einangrað með 200 mm einangrun á milli sperra, vírað er undir einangrunn og þar undir rakasperra. Kólnunartala þaks er að hámarki 0,20W/m2°C. Loft eru klædd með gifsi í flokki 1. Allt efni og hlutar sem notaðir verða við byggingu hússins standast kröfur Mannvirkjastofnunar er varðar gæðastaðla og vottanir.

Húsið er hitað með blöndu af gólfhita og ofnum. Lagnaleiðir eru undir gólfplötu, í innveggjum og yfir niðurteknum loftum. Inntök lagna eru í skápum í anddyri/þvottarými í bíslagi. Gólfniðurföll verða í öllum votrýmum samkvæmt Byggingarreglugerð. Tryggja skal að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastig en 60°. Upphitunargjafi húss er hitaveituvatn frá Sveitafélaginu.

Náttúrleg loftræstingu er í öllum rýmum um opnanleg gluggafög.

Samtengdir reykskynjarar með hljóðgjafa eru í aðalrýmum. Handslökkvitæki af viðurkenndri gerð (9 ltr. léttvatnstæki) eru staðsett við inngang.

Sorpgeymsla er við áður samþykkt gestahús og rúmar fjögur sorpílát.

**HELSTU STÆRÐIR:**

BRÚTTÓ M2 62,3
NETTÓ M2 51,0
BRÚTTÓ M3 272,6

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
04. sep. 2019
Byggingarfulltrúi

| útgáfa | skýring | dags |
|---|---|---|

| | |
|---|---|
| verk | Sumarliðabær II |
| verkaupi | Svarthöfði ehf |
| teikningarheiti | Afstöðumynd |
| tegund teikningar | Aðaluppdr. geymsla, leikfimi, gufa |
| mælikvarði | 1:500 |
| dags | 25. maí 2019 |

2020 76


arkitektar

andrúm
STÚDÍÓ ANDRÚM ARKITEKTAR EHF KT 4409002830
HVERFISGATA 54 101 REYKJAVÍK
Haraldur Örn Jónsson 111254 3899
Kristján Garðarsson 270269 5679

dkpitt ARKITEKTAR
HVERFISGATA 54 101 REYKJAVÍK
Davíð Kristján Pitt 101069 5249


númer teikningar og útgáfa

**A 01** **B0**